

Á núllið rétt á sér?

Baldur Sigurðsson
Menntavísindásviði HI

Hádegissjall kennsluráðs, 27. október 2009

Vandamálið?

- Dreifing einkunna fyrir verkefni er gerólík dreifingu einkunna fyrir próf
 - Einkunnir á prófi dreifast á kvarða frá 0,0 til 10
 - Einkunnir fyrir verkefni dreifast frá 7,5 til 9,0
- Er líklegt að munur á þekkingu og færni stúdenta dreifist með svo ólíkum hætti eftir matsaðferð?
 - Á prófi er unnt að mæla þekkingu í afmörkuðu námsefni eða viðfangsefni námskeiðs í þröngum skilningi
 - Í verkefnum reynir á margvíslega almenna færni
 - Útsjónarsemi, frumlega hugsun, ritfærni, almenna skynsemi
- Hvað viljum við meta? Hvað á einkunn fyrir verkefni að mæla?

12.11.2009 Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér? 2

Vandi við að meta skrifleg verkefni – 1

- Erfitt að skilgreina nákvæmlega kröfur til verkefnis
- Enn erfiðara að meta hvort og að hve miklu leyti verkefnið uppfyllir kröfur
- Sérstakur vandi hugvísinda
 - Með almennri færni, skynsemi, útsjónarsemi og hæflegum frumleika getur nemandi farið langt með að skrifa álitlega um efni án þess að þekkja endilega til hlítar það sem viðkomandi námskeið snýst um.
 - Slík frammistaða heitir ýmsum nöfnum
 - Ganga upp á gáfunum
 - Kjafta sig út úr verkefninu

12.11.2009 Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér? 3

Vandi við að meta skrifleg verkefni – 2

- Krafa um einstaklingsbundna umsögn og rökstuðning fyrir einkunn
- Of langan tíma tekur að skrifa umsagnir um einstaklingsverkefni
 - Ef rökstyðja þarf einkunn
 - Ef leiðbeina þarf nemanda um endurskoðun
- Ósamræmi í námsmati milli kennara á sama námskeiði
 - Einfaldast að gefa bara öllum svipaða einkunn, helst frekar góða – þá eru allir ánægðir og kennarinn sleppur við leiðindi
- Gott námsmat verður að vera einstaklingsmiðað, leiðbeinandi, skilvirkt, samræmt og samkvæmt

12.11.2009

Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér?

4

Aðferðir til að leysa vanda

- Tilraunir má sjá í viðmiðum um lokaverkefni
 - Sundurliða frammistöðu í atriði sem unnt er að meta
 - Búa til kvarða: almenna lýsingu á frammistöðu til ákveðinnar einkunnar
- Skýrari hugmynd um námsmarkmið og kröfur (skv. Bologna-samkomulaginu)
- Skýrari hugmynd um hvernig frammistaða í verkefni endurspeglar þá þekkingu og færni höfundar sem ætlunin er að meta

12.11.2009

Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér?

5

Viðmið í námsmati

- Hvernig á að skilgreina viðmið?
 - Skilgreina báða enda, fullt hús stiga og ekkert stig, miðað við aldur og getu nemenda
- Tillaga um þrjú stig:
 - 10: Framúrskarandi úrlausn, fullkomlega samkvæmt kröfum.
 - 5: Fullnægjandi úrlausn en ekkert umfram það.
 - 0: Lágmarksúrlausn miðað við skólastig.
- Hvað er eðlilegt lágmark á hverju skólastigi?
 - Hvað er eðlilegt að gefa fyrir verkefni sem sýnir ekkert annað en að nemandi er nokkurn veginn með fullu viti miðað við aldur – en hefur ekkert lagt sig fram.
 - Á að setja slíkt lágmark við 0 eða 5?
- Er eðlilegt að hækka lágmarksviðmið eftir því sem náminu vindur fram?

12.11.2009

Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér?

6

Matsatriði í B.Ed.-ritgerð

- **A Efnistöðk**
 - Markmið og afmörkun
 - Tilgátur og rannsóknarspurningar
 - Niðurstöður og túlkun
 - Sjálfstæði og frumleiki
- **B Úrvinnsla gagna**
 - Öflun
 - Meðferð og túlkun
 - Meðferð hugtaka
- **C Framsetning**
 - Skipulag ritgerðar
 - Inngangur og niðurlag
 - Kaflaskipting og efnisyfirlit
 - Afmörkun efnisgreina
 - Samhengi
- **D Frágangur**
 - Tilvísanir og heimildaskrá
 - Málfar
 - Stafsetning

12.11.2009

Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér?

7

Matskvarði fyrir lokaverkefni

-- efsti hluti (af vef B.Ed.-verkefna)

| | <i>Skriflegar úrlausnir</i> (ritgerðir, skýrslur) | <i>Verklegir þættir</i> (hlutir, smíðisgripir, hönnunarverk) | <i>Færni</i> (frammistaða, flutningur, tjáning, verkleg skil) |
|-------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 9,0 - 10,00 | Verkefnið vel leyst að öllu leyti. Úrlausnir einkennast af frjófri og skapandi hugsun og innsæi. Efnistöð og heimildanotkun mjög góð. Markviss greining og sjálfstæð úrvinnsla. Ítrasta vandvirkni. Framúrskarandi tök. Framúrskarandi tök. | Mjög vel unnið verk að öllu leyti. Úrlausnir einkennast af frjófri og skapandi hugsun og innsæi. Ítrasta vandvirkni. Framúrskarandi útfærsla. | Leysir viðfangsefnið mjög vel. Sýnir mikið öryggi. Skapandi útfærsla. Afbragðs tækni. Leggur sig fram til hins ítrasta. Frábær frammistaða. |

12.11.2009

Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér?

8

Matskvarði fyrir lokaverkefni

– neðsti hluti (af vef B.Ed.-verkefna)

| | <i>Skriflegar úrlausnir</i> | <i>Verkl. þættir</i> | <i>Færni</i> |
|-------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------|------------------------------------------------------------|
| 6,0 -6,5 | Viðunandi verk, en nokkrir þættir gallaðir. Sem dæmi má nefna hnökra í uppbyggingu, samhengi er áfátt, frágangi ábótavant eða galla í heimildanotkun. Sjálfstæð úrvinnsla í lágmarki. | Viðunandi verk, en gallað að nokkru leyti. | Viðunandi en nokkrir hnökra. Nokkuð vantar á öryggi. |
| 5,0 -5,5 | Gallað verk en einhverjum þáttum gerð sæmleig skil. | Gallað verk sem stenst lágmarks-kröfur. | Ræður ekki vel við viðfangsefnið en einhver atriði í lagi. |
| 4,0 -4,5 | Skil í flestum atriðum ófullnægjandi. | Ófullnægjandi verk. | Ófullnægjandi frammistaða. |

12.11.2009

Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér?

9

Evrópskt tungumálavegabréf

- Er hluti af staðlaðri menntunar- og starfshæfnimöppu (Europass)
 - Er ætlað að
 - auðvelda samhæfingu prófskirteina og viðurkenninga
 - auðvelda samanburð menntunar og reynslu milli landa
- Tungumálavegabréfið er mat á eigin kunnáttu og færni í tungumáli á kvarða frá A1 til C2
 - Skilningur
 - Hlustun
 - Lestur
 - Samskipti
 - Þátttaka í samræðu
 - Beiting talmáls
 - Skriftir

12.11.2009

Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér?

10

Evrópska tungumálavegabréfið – Skriftir – Efsta stig: C2

- Ég get skrifað skýran og lipran texta í ritstil sem hæfir tilefninu. Ég get skrifað flókin bréf, skýrslur eða greinar þar sem áhrifarík uppbygging er notuð til að setja málið fram á þann hátt að það hjálpi lesandanum að taka eftir og muna aðalatriði. Ég get skrifað útdrætti og ritdóma um sérfræðitexta eða bókmenntaverk.

12.11.2009

Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér?

11

Evrópska tungumálavegabréfið – Skriftir – Stig A1 til C1

- A1 Ég get skrifað stutt, einfalt póstkort, t.d. sent stuttar kveðjur úr leyfi. Ég get fyllt út eyðublöð með persónulegum upplýsingum eins og nafni, hjóðerni og heimilisfangi á skráningareyðublöðum hótela.
- A2 Ég get skrifað stutta minnispunkta og skilaboð. Ég get skrifað mjög einfalt bréf, t.d. þakkarbréf.
- B1 Ég get skrifað einfaldan samfelldan texta um efni sem ég þekki eða hef áhuga á. Ég get skrifað bréf sem lýsa reynslu og hughrifum.

B2 Ég get skrifað skýra, nákvæma texta um ýmis efni sem tengjast áhugasviði mínu. Ég get skrifað ritgerð eða skýrslu, komið upplýsingum á framfæri eða fært rök fyrir eða gegn ákveðnu sjónarhorni. Ég get skrifað bréf og lagt áherslu á mikilvægi ýmissa atvæða og reynslu.

C1 Ég get tjáð mig skriflega með skýrum og vel samsettum texta af tiltekinni lengd og komið þannig ákveðinni skoðun á framfæri. Ég get skrifað um flókin efni í bréfi, ritgerð eða skýrslu og lagt áherslu á það sem ég tel vera mikilvæg málefni. Ég get valið mér ritstil sem hentar þeim lesendahópi sem ég hef í huga.

12.11.2009

Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér?

12

Munur á almennu mati og sértæku mati

- **Almennt mat**
 - Frammistaða – skortur á frammistöðu
 - Lítil eða óljós umsögn um efnisatriði
- **Sértækt mat**
 - Mismunandi frammistaða
 - Skortur á frammistöðu er líka frammistaða, bara öðru vísi
 - Sértæk umsögn um ákveðin efnisatriði
- Viðmið um menntun og prófgráður eru sambærleg við tungumálavegabréfið
 - *Frammistaða* sem fullnægir viðmiði á lægra stigi birtist sem *skortur á frammistöðu* samkvæmt viðmiði á hærra stigi

12.11.2009

Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér?

13

Dæmi um góðar og slæmar umsagnir

- **Efnistöð og uppbygging ritgerðarinnar**
 - Efnistöð og uppröðun efnis í góðu samræmi við efni ritgerðarinnar
 - Kafaskipting eðlileg/ábótavant/óeðlileg
 - Samhengi og rennsli er gott/semilegt/slæmt
 - Nemandi kom á framfæri hugmyndum um möguleika þeirrar þekkingar sem hann var að gera skil og setti í samhengi við annað sem er að gerast
 - Ritgerðin er rýr, nemandi tæpir samt á því mikilvægasta
 - Nemandi misskildi efnið
- **Notkun heimilda**
 - Nemandi notaði að mestu leyti eina yfirlitsgrein eða tvær, sem hann þýddi uppúr og byggði ritgerðina upp á sama hátt og var gert þar
 - Sama, en tók nokkrar frumheimildir og bætti í áhugaverðum kafla
- Nemandi fann áhugaverðar heimildir sjálfur og notaði þær.
- Nokkuð/mikið er um að vitlaust sé farið með staðreyndir
- **Málfar og frágangur**
 - Heimildaskráin og tilvitnanir eru bókkraðlega réttar/ekki réttar
 - Viða/mikið/smávegis klaufalegt málfar, sem ber vott um að nemandi hafi verið að reyna að þýða eitthvað sem hann skildi ekkert í
 - Stafsetning góð/ekki góð, víða ritvillur/smávegis ritvillur
- **Tilsögn**
 - Nemandi tók tillit til þess sem kennari sagði honum
 - Nemandi notfærði sér ekkert/lítið kennarann
 - Nemandi tók ekki tilsögn eins og til var ætlast

12.11.2009

Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér?

14

Frágangur (10)

Matsblað, um frágang — 1

Málfar

Vandað mál, laust við málvillur, nástöðu og önnur lýti. Markviss ritmálsstíll, fjölbreytt setningaskipan, orðaval auðugt og safaríkt. Tilþríf í stíl þar sem við á.

A Á B D Þ

Málvillur margar, kauðalegt orðalag, endurtekning sömu orða, setningaskipan og orðaval einhæft og bragðdauft. Engin tilþríf í stíl eða þá tilþríf mistakast.

Stafsetning og greinarmerki

Stafsetning og greinarmerkja-setning samkvæmt öllum reglum og venjum. Sérstaklega er lítið á kommur, tvípunkt, gasalappir, sviga og önnur sértákn. Rétt og skynsamleg notkun leturbreytinga.

A Á B D Þ

Of margar stafsetningarvillur. Notkun kommu og annarra greinarmerkja tilviljanakennd, í miklu ósamræmi eða vantar. Óþörf bil eða bil vantar á réttum stöðum, leturbreytingar ómarkvissar eða ósmekklegar.

12.11.2009

Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér?

15

Matsblað,
um frágang — 2

Greinaskil og annað

| | | |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p>Hæfileg blaðrönd á alla vegu, greinaskil skýrt auðkennd. Línubil og leturstærð við hæfi. Tilvitnanir rétt afmarkaðar. Höf. notar inndrátt, depla- eða talnamerkingar, töflur og aðra tilbreytingu í framsetningu markvisst þar sem við á. Verkefnið er skýrt merkt fremst eða á forsiðu með öllum upplýsingum.</p> | <p>A Á B D Æ E</p> <p>1086420</p> | <p>Þröng blaðrönd eða ójöfn, greinaskil óljós, línubil og leturstærð ekki við hæfi. Tilvitnanir illa afmarkaðar. Höf. nýtir sér ekki möguleika í uppsetningu til að gera framsetningu skýrari eða gerir það illa. Verkefni er ekki merkt fremst eða upplýsingar vantar, t.d. pósthólf, númer hóps eða heiti námskeiðs.</p> |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

12.11.2009 Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér? 16

*Skoðum nú
matsatriðabankann*

Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér?

12.11.2009 Baldur Sigurðsson: Á núllið rétt á sér? 17
